

um iðnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI

Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms, og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi:

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðupekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI

Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi lættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiriháttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri, 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd einn nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar til sama tíma.

Verksvið skólanefndar skal ákveðið með erindisbréfi, er ráðherra setur.

Þegar iðnskóli er deild innan gagnfræðaskóla, skulu hlutaðeigandi iðnaðarmannafélög eða iðnsamband tilnefna einn fulltrúa í skólanefnd eða fræðsluráð viðkomandi gagnfræðaskóla.

III. KAFLI

Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla, þegar tala nemenda er 60 og fleiri.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, skal iðnskólinn vera sem sérstök deild innan gagnfræðaskóla.
3. Inðfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komið undir ákvæði 1. og 2. töluliðs má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í stofn- og rekstrarkostnaði samkvæmt 1. og 2. tölulið er hundin því skilyrði, að fullnægt sé ákvæðum, er gilda hverju sinni, um árlegan starfstíma skóla og lágmarkstölu nemenda í deildum gagnfræðastigsskólanna.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. greinar. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- eða sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiði gjöld vegna þeirra eftir því sem ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI

Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafn skjótt og tók eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bóklegr og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar,

burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI

Kennarar.

14. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slikt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um lengd skólatímans í heild og lengd árlegs skólatíma, um kennslu í skólanum, námstílhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Í erindisbréfi, er ráðherra setur, skal kveða á um verksvið skólastjóra og kennara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi öll ákvæði, er fara í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ríki og sveitarfélög gerist aðilar að stofn- og rekstrarkostnaði iðnskólanna á sama hátt og gagnfræðastigsskólanna. Þykir ekki lengur hlýða, að iðnfræðslan standi með öllu utan við skólakerfið og búi við lakari kost en aðrir sambærilegir skólar af hálfu opinberra aðila.

Með framkvæmd gildandi skólalöggjafar, þ. e. lengingu skólaskyldu og fjölgun skóla, sem veita svo að segja hverju ungmenni tækifæri til miðskólaprófs og gagnfræðanáms, verður það hagkvæmt einstaklingum og sjálfum skólarekstrinum að skipa svo þessum málum, að kennsla í iðnskólum falli að skólakerfi því, sem nú er. Þess vegna er miðskólapróf gert að inntökuskilyrði í iðnskóla. Með ákvæðum frumvarpsins um inntökuskilyrði er krafizt mun meiri undirbúningsmenntunar en verið hefur. Það ætti að tryggja betri menntun iðnaðarmanna og gefa meira tólm til þess að sinna hagnýtu sérnámi iðnskólans en verið hefur.

Inntökuskilyrðið veitir iðnskólunum samstöðu með gagnfræðaskólum, þ. e. fjórða bekk gagnfræðastigsins. Það er því eðlilegt og hagkvæmt, að smærri iðnskólar geti starfað innan gagnfræðaskólanna sem ein grein hagnýtra fræða. Iðnskólinn gæti

engu að síður haldið nafni sínu og eðli — og eru iðnaðarmönnum tryggð áhrif á skólahaldið með því að eiga fulltrúa í skólanefnd viðkomandi gagnfræðaskóla. Þessi tengsl gagnfræðaskólanna og iðnskólanna myndu hafa í för með sér mikinn sparnað í stofnkostnaði og einnig í rekstrarkostnaði. Þá veitir þetta aukin tækifæri þeim, sem miðskólaprófi ljúka til hagkvæms framhaldsnáms, sem beinir braut til atvinnu. Hinir stærri iðnskólar, sem hefðu 60 nemendur eða fleiri, væru aftur á móti sjálfstæðar stofnanir í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Eins og nú horfir myndu slíkir skólar verða 2—3, þ. e. í Reykjavík, Akureyri og ef til vill á einum stað til. Skilyrði fyrir lögmætri hlutdeild rikissjóðs í skólakostnaðinum eru hin sömu og í gagnfræðastigsskólum.

Rétt þótti að tryggja það, að hlutur þeirra iðnskóla, sem nú eru starfandi og ekki geta fullnægt þessum lágmarksskilyrðum, þ. e. um nemendafjölda miðað við árlegan starfstíma skóla, yrði ekki rýrður frá því, sem nú er. Þess vegna er gert ráð fyrir, að þá iðnfræðslu megi styrkja á sama hátt og verið hefur.

Í frumvarpinu er því slegið föstu, að iðnskólar þeir, sem fullnægja áðurnefndum lágmarksskilyrðum, skulu kostaðir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Eins og kunnugt er hafa engin slík ákvæði gilt áður um þessa tegund skóla. Má í þessu sambandi benda á það, að ríkið kostar bændaskólana, garðyrkjuskólann, sjómanna-skólann, vélstjóranskólann og alla embættismannaskólana. Starfsstéttir þær, sem þessa skóla sækja, til þess að hljóta þar menntun og réttindi til ákveðinna lífsstarfa, þurfa ekkert fram að leggja til skólahaldsins.

Hér er ekki gengið lengra en það, að ríkið taki að sér skólakostnaðinn á móti sveitarfélögum á sama hátt og gagnfræðastigsskólana. Sjálfsagt er að iðnskólarnir lúti að öðru leyti sömu reglum um réttindi og skyldur, sem þeir skólar.